

## Sveitarstjórnarkosningar 25. maí 2002

*Local government elections 25 May 2002*

*Samantekt* Kosning til sveitarstjórna var haldin 25. maí 2002 og náði til allra 105 sveitarfélaganna á landinu. Í 66 sveitarfélögum með 98,0% kjósenda var bundin hlutfallskosning og þar af var sjálfkjörið í sjö sveitarfélögum þar sem aðeins var borinn fram einn listi. Kosning var óbundin í 39 sveitarfélögum þar sem 2,0% kjósenda voru á kjörskrá. Kjósendur á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2002 voru 204.945, eða 71,3% landsmanna. Karlar á kjörskrá voru 49,7% og konur 50,3%. Í sveitarstjórnarkosningunum 2002 greiddu atkvæði 168.913 kjósendur í 98 sveitarfélögum, eða 83,2% af þeim 203.141 sem voru þar á kjörskrá. Í sjö sveitarfélögum, með samtals 1.804 kjósendur á kjörskrá, var einn listi í framboði og hann því sjálfkjörinn án atkvæðagreiðslu. Í 66 sveitarfélögum komu fram 182 framboðslistar; þar af var einn listi í boði í sjö þeirra og því sjálfkjörið. Tala frambjóðenda í sömu sveitarfélögum var 2.714 og skiptist í 1.603 karla (59,1%) og 1.111 konur (40,9%). Alls voru kjörnir 657 sveitarstjórnarmenn á landinu öllu, 450 karlar (68,5%) og 207 konur (31,5%) en hlutfall kvenna hækkar með hverjum nýjum kosningum, var 12,4% 1982 og einungis 3,6% árið 1974.

### Framkvæmd kosninganna

*Gildandi lög frá 1998*

Lög um kosningar til sveitarstjórna tóku gildi 13. mars 1998<sup>1</sup> og ný sveitarstjórnarlög 1. júní 1998.<sup>2</sup> Áður giltu um kosningar til sveitarstjórna lög um kosningar til Alþingis frá árinu 1987<sup>3</sup>, með þeim frávikum sem kveðið var á um í sveitarstjórnarlögum sem sett voru árið 1986.<sup>4</sup> Samkvæmt lögum er kjörtímabil sveitarstjórna fjögur ár og fara almennar sveitarstjórnarkosningar fram í öllum sveitarfélögum landsins síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu.<sup>5</sup> Fulltrúar í sveitarstjórnnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem eru með tvennu móti:

- Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.
- Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrirfram skorast undan því.<sup>6</sup>

<sup>1</sup> Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5 6. mars 1998, breytt með lögum nr. 82/1998 og lögum nr. 27/2002.

<sup>2</sup> Sveitarstjórnarlög nr. 45 3. júní 1998, breytt með lögum nr. 123/1998.

<sup>3</sup> Lög um kosningar til Alþingis nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 10/1991, lög nr. 92/1991 og lög nr. 9/1995.

<sup>4</sup> 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8 18. apríl 1986.

<sup>5</sup> 1. gr. laga nr. 5/1998.

<sup>6</sup> 19. gr. laga nr. 5/1998.



**Tafla 1. Sveitarstjórnarkosningar 1982–2002***Table 1. Local government elections 1982–2002*

|   | 1982           | 1986           | 1990           | 1994           | 1998           | 2002           |
|---|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| <b>Sveitarfélög <i>Municipalities</i></b>                           | <b>224</b>     | <b>223</b>     | <b>204</b>     | <b>171</b>     | <b>124</b>     | <b>105</b>     |
| <b>Frambjóðendur <i>Candidates</i></b>                              | <b>3.474</b>   | <b>3.853</b>   | <b>3.339</b>   | <b>3.313</b>   | <b>2.740</b>   | <b>2.714</b>   |
| Karlar <i>Males</i>   | 2.397          | 2.393          | 2.071          | 2.092          | 1.584          | 1.603          |
| Konur <i>Females</i>  | 1.067          | 1.374          | 1.268          | 1.221          | 1.040          | 1.111          |
| <b>Kjósendur á kjörskrá<br/><i>Voters on the electoral roll</i></b> | <b>148.648</b> | <b>169.038</b> | <b>177.483</b> | <b>186.454</b> | <b>193.632</b> | <b>204.945</b> |
| Hlutfall kjósenda af íbúatölu, %<br><i>Percent of population</i>    | 63,6           | 69,6           | 69,7           | 70,1           | 71,2           | 71,3           |
| Karlar <i>Males</i>   | 74.224         | 84.433         | 88.561         | 93.012         | 96.396         | 101.821        |
| Konur <i>Females</i>  | 74.424         | 84.605         | 88.922         | 93.442         | 97.236         | 103.124        |
| <b>Greidd atkvæði <i>Votes cast</i></b>                             | <b>125.656</b> | <b>138.139</b> | <b>144.485</b> | <b>161.152</b> | <b>159.187</b> | <b>168.913</b> |
| Karlar <i>Males</i>   | 63.203         | 69.339         | 72.258         | 79.924         | 78.544         | 83.027         |
| Konur <i>Females</i>  | 62.453         | 68.800         | 72.227         | 81.228         | 80.643         | 85.886         |
| Þar af utan kjörfundar<br><i>Absentee votes thereof</i>             | 10.123         | 12.562         | 13.207         | 15.539         | 15.877         | 16.610         |
| <b>Kosningaþátttaka, %<br/><i>Participation, percent</i></b>        | <b>85,1</b>    | <b>81,9</b>    | <b>82,0</b>    | <b>86,6</b>    | <b>82,3</b>    | <b>83,2</b>    |
| Karlar <i>Males</i>   | 85,7           | 82,3           | 82,2           | 86,1           | 81,5           | 82,3           |
| Konur <i>Females</i>  | 84,4           | 81,5           | 81,7           | 87,1           | 83,0           | 84,0           |
| <b>Úrslit <i>Outcome</i></b>  |                |                |                |                |                |                |
| Atkvæðaseðlar <i>Ballots</i>  |                |                |                |                |                |                |
| Gildir <i>Valid votes</i>   | 122.746        | 135.025        | 141.116        | 157.388        | 154.820        | 165.491        |
| Auðir og ógildir <i>Blank and void</i>                              | 2.910          | 3.114          | 3.369          | 3.764          | 4.367          | 3.422          |
| Fulltrúar <i>Representatives, total</i>                             | 1.192          | 1.180          | 1.116          | 981            | 756            | 657            |
| Karlar <i>Males</i>   | 1.043          | 954            | 873            | 738            | 543            | 450            |
| Konur <i>Females</i>  | 149            | 226            | 243            | 243            | 213            | 207            |

**Kosningarréttur 2002**

Í sveitarfélögum skal almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu. Komi enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu skal kosning verða óbundin.<sup>7</sup> Kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í sveitarfélaginu.<sup>8</sup> Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann er skráður með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.<sup>9</sup> Viðmiðunartími þessi hefur færst nær kjördegi í nokkrum áföngum á undanförunum 20 árum. Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu og hafa ekki verið sviptir lögræði.<sup>10</sup>

<sup>7</sup> 20. gr. laga nr. 5/1998.

<sup>8</sup> 1. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998.

<sup>9</sup> 5. gr. laga nr. 5/1998.

<sup>10</sup> 3. gr. laga nr. 5/1998.

**Tafla 2. Bundnar hlutfallskosningar og óbundar kosningar 1994–2002**Table 2. *Proportional vote and direct vote 1994–2002*

|  | Bundin hlutfallskosning<br><i>Proportional vote</i> |                |                | Óbundin kosning<br><i>Direct vote</i> |              |              |
|--|---|----------------|----------------|---------------------------------------|--------------|--------------|
|  | 1994  | 1998           | 2002           | 1994                                  | 1998         | 2002         |
| <b>Sveitarfélög</b> <i>Municipalities</i>                          | <b>77</b>   | <b>66</b>      | <b>66</b>      | <b>94</b>                             | <b>58</b>    | <b>39</b>    |
| <b>Frambjóðendur</b> <i>Candidates</i>                             | <b>3.313</b>  | <b>2.740</b>   | <b>2.714</b>   | •                                     | •            | •            |
| Karlar <i>Males</i>  | 2.092   | 1.698          | 1.603          | •                                     | •            | •            |
| Konur <i>Females</i>   | 1.221   | 1.042          | 1.111          | •                                     | •            | •            |
| <b>Kjósendur á kjörskrá</b><br><i>Voters on the electoral roll</i> | <b>176.285</b>                                      | <b>187.104</b> | <b>200.819</b> | <b>10.169</b>                         | <b>6.528</b> | <b>4.126</b> |
| Hlutfall kjósenda af íbúatölu, %<br><i>Percent of population</i>   | 70,4  | 70,7           | 71,4           | 69,8                                  | 71,2         | 70,6         |
| Karlar <i>Males</i>  | 87.515  | 92.817         | 99.567         | 5.497                                 | 3.579        | 2.254        |
| Konur <i>Females</i>   | 88.770  | 94.287         | 101.252        | 4.672                                 | 2.949        | 1.872        |
| <b>Greidd atkvæði</b> <i>Votes cast</i>                            | <b>153.324</b>                                      | <b>154.351</b> | <b>165.762</b> | <b>7.828</b>                          | <b>4.836</b> | <b>3.151</b> |
| Karlar <i>Males</i>  | 75.708  | 75.904         | 81.338         | 4.216                                 | 2.640        | 1.689        |
| Konur <i>Females</i>   | 77.616  | 78.447         | 84.424         | 3.612                                 | 2.196        | 1.462        |
| Þar af utan kjörfundar<br><i>Absentee votes thereof</i>            | 15.066  | 15.574         | 16.379         | 473                                   | 303          | 231          |
| <b>Kosningaþátttaka, %</b><br><i>Participation, percent</i>        | <b>87,2</b>   | <b>82,6</b>    | <b>83,3</b>    | <b>77,0</b>                           | <b>74,1</b>  | <b>76,4</b>  |
| Karlar <i>Males</i>  | 86,7  | 81,8           | 82,5           | 76,7                                  | 73,8         | 74,9         |
| Konur <i>Females</i>   | 87,6  | 83,3           | 84,1           | 77,3                                  | 74,5         | 78,1         |
| <b>Úrslit</b> <i>Outcome</i>                                       |   |                |                |                                       |              |              |
| Atkvæðaseðlar <i>Ballots</i>                                       |   |                |                |                                       |              |              |
| Gildir <i>Valid votes</i>  | 149.704   | 150.103        | 162.393        | 7.684                                 | 4.717        | 3.098        |
| Auðir og ógildir <i>Blank and void</i>                             | 3.620   | 4.248          | 3.369          | 144                                   | 119          | 53           |
| Fulltrúar <i>Representatives, total</i>                            | 523   | 472            | 466            | 458                                   | 458          | 191          |
| Karlar <i>Males</i>  | 377   | 322            | 307            | 361                                   | 361          | 143          |
| Konur <i>Females</i>   | 146   | 150            | 159            | 97                                    | 97           | 48           |

*Kjörskrár* Sveitarstjórnir semja kjörskrár eftir kjörskrárstofnum sem Hagstofa Íslands (Þjóðskrá) lætur þeim í té<sup>11</sup> og þær gera síðan svo úr garði að úr verður gild kjörskrá.

Sveitarstjórnarlög frá 1986 giltu til 1998<sup>12</sup>, þar áður sveitarstjórnarlög frá 1961<sup>13</sup> og lög um sveitarstjórnarkosningar frá 1962<sup>14</sup> sem tóku við af lögnum frá 1929 og 1936.

<sup>11</sup> 4. gr. laga nr. 5/1998.

<sup>12</sup> Lög nr. 8/1986.

<sup>13</sup> Lög nr. 58/1961.

<sup>14</sup> Lög nr. 5/1962.

*Kosningarréttur 1930–2002*

Kosningarréttur til sveitarstjórnar hefur verið rýmkaður nokkrum sinnum undanfarna áratugi. Kosningaraldur var 21 ár í kosningunum 1930–1966,<sup>15</sup> 20 ár í kosningunum 1970–1982<sup>16</sup> og 18 ár frá 1986.<sup>17</sup> Skilyrði um óflekkað mannorð var fellt niður með sveitarstjórnarlögunum frá 1961. Ríkisborgarar annars staðar af Norðurlöndum fengu kosningarrétt til sveitarstjórnar árið 1982 ef þeir höfðu átt lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag<sup>18</sup> og ríkisborgarar annarra landa gátu fyrst kosið við sveitarstjórnarkosningar 2002 ef þeir höfðu átt lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.<sup>19</sup> Skilyrði um að maður væri ekki sviptur lögræði til þess að eiga kosningarrétt féll niður 1986.<sup>20</sup>

Jafnframt því sem kjörskrárstofnar voru sendir út í maíbyrjun fengu sveitarstjórnir send eyðublöð undir kosningarskýrslu til Hagstofunnar, en hverri sveitarstjórn ber að semja og skila skýrslu til birtingar um kosninguna.

*Gölluð skýrslugerð*

Mjög er misjafnt hvernig sveitarfélögin leggja sig fram um skýrslugerðina. Flestar eru skýrslurnar vel gerðar og þeim skilað þegar að loknum kosningum. Annars staðar gengur verr að koma saman gallalausum skýrslum og dregst óhóflega að skila þeim. Þarf ævinlega eftir hverjar kosningar að gera ýmsar leiðréttingar á skýrslum, áætla tölur þar sem þær vantar, og jafnvel að frumsemja skýrslur þegar þær fást alls ekki. Er þá stuðst við tiltækar heimildir, svo sem tölur Hagstofunnar um fjölda fólks á kjörskrárstofni og blaðafréttir af kosningunum. Varðandi atriði, sem ekki eru heimildir um, svo sem breytingar á kjörskrárstofni, þátttöku karla og kvenna eða tölu bréflægra atkvæða, er stuðst við hlutföll úr sambærilegum sveitarfélögum.

Í talnaefni þessarar skýrslu kemur því fyrir að byggt er á áætluðum tölum að hluta, án þess að þess sé getið. Þetta getur fyrst og fremst skipt máli þar sem birtar eru tölur fyrir einstök sveitarfélög.

Það er miður að ekki skuli nást fullkomnar skýrslur alls staðar að, því að líta verður á það sem óaðskiljanlegan hluta af lýðræðislegri kosningu til sveitarstjórnar að greina frá framkvæmd hennar og niðurstöðum í opinberri skýrslu.

**Kjósendum á kjörskrá***Fækkun sveitarfélaga*

Fjöldi sveitarfélaga 25. maí 2002 var 105 en talan var 223 í kosningunum 1986 sem þýddi rúmlega helmingi fækkun sveitarfélaga á 16 ára tímabili (tafla 1).

*205 þúsund á kjörskrá*

Kjósendum á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2002 voru 204.945, eða 71,3% landsmanna miðað við að mannfjöldi 1. júní hafi verið 287.100. Karlar á kjörskrá voru 101.821 (49,7%) og konur 103.124 (50,3%), 1.303 fleiri en karlar (tafla 1). Kjósendum fjölgaði um 11.313 frá síðustu sveitarstjórnarkosningum, eða um 5,8%. Þá var tala þeirra 193.632, sem nam 71,2% af íbúatölnunni. Kjósendum á aldrinum 18–21 árs, sem höfðu nú í fyrsta sinn aldur til að kjósa í sveitarstjórnarkosningum, voru um 17.400 eða 8,5% kjósenda.

<sup>15</sup> 1. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1929.

<sup>16</sup> 1. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1967.

<sup>17</sup> 1. mgr. 19. gr. laga nr. 8/1986.

<sup>18</sup> 3. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1982.

<sup>19</sup> 3. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998, sbr. 1. gr. laga nr. 27/2002.

<sup>20</sup> Lög nr. 8/1986.

*2% án listakosninga*


Þó að almennt skyldi kosið hlutfallskosningu í öllum sveitarfélögum var kosning óbundin í 39 sveitarfélögum þar sem 2,0% kjósenda voru á kjörskrá (tafla 2). Í 66 sveitarfélögum með 98,0% kjósenda var bundin hlutfallskosning og þar af var sjálfkjörið í sjö sveitarfélögum þar sem aðeins var borinn fram einn listi (tafla 10).

Í 63 sveitarfélögum þar sem íbúar voru 300 eða fleiri var bundin hlutfallskosning ríkjandi. Í sex þessara sveitarfélaga kom enginn listi fram og var kosningin því óbundin. Í 54 sveitarfélögum komu fram tveir listar eða fleiri og var kosið um þá. Sjálfkjörið var í þremur sveitarfélögum. Sveitarfélög þar sem íbúar voru færri en 300 voru 42 og þar af var kosning óbundin í 33 sveitarfélögum en í níu sveitarfélögum var kosningin bundin hlutfallskosning og þar af var sjálfkjörið í fjórum (sjá yfirlit í töflu 3 en ítarlegri upplýsingar í töflu 10).

Tala kjósenda á kjörskrá í hverju sveitarfélagi og á hverjum kjörstað er sýnd í töflu 10. Í töflu 5 er sýnd tala kjósenda á hvern sveitarstjórnarmann og í töflu 4 er sýnd fjölgun kjósenda frá kosningunum 1998 eftir landsvæðum. Þar er miðað við sömu sveitarfélög í hverjum flokki bæði árin og ræður flokkun þeirra árið 2002 hvar þau teljast.

### **Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1974–2002**

*Participation in local government elections 1974–2002*



**Tafla 3. Sveitarstjórnarkosningar eftir stærð sveitarfélaga 2002***Table 3. Local government elections by size of municipalities 2002*

|   | Landið allt<br><i>Whole country</i> | 1.000 íbúar<br>og fleiri<br><i>1,000 inhab.<br/>or more</i> | 300–999<br>íbúar<br><i>300–999<br/>inhabitants</i> | 299 íbúar<br>eða færri<br><i>Less than<br/>300 inhab.</i> |
|---|-------------------------------------|---|--|---|
| <b>Sveitarfélög <i>Municipalities</i></b>                           | <b>105</b>                          | <b>33</b>   | <b>30</b>  | <b>42</b>   |
| <b>Frambjóðendur <i>Candidates</i></b>                              | <b>2.714</b>                        | <b>1.908</b>  | <b>668</b>   | <b>138</b>  |
| Karlar <i>Males</i>   | 1.603                               | 1.108   | 409  | 86  |
| Konur <i>Females</i>  | 1.111                               | 800   | 259  | 52  |
| <b>Kjösendur á kjörskrá<br/><i>Voters on the electoral roll</i></b> | <b>204.945</b>                      | <b>188.539</b>  | <b>12.370</b>                                      | <b>4.036</b>  |
| Hlutfall kjósenda af íbúatölu, %<br><i>Percent of population</i>    | 71,3                                | 71,5  | 69,6   | 71,8  |
| Karlar <i>Males</i>   | 101.821                             | 93.064  | 6.537  | 2.220   |
| Konur <i>Females</i>  | 103.124                             | 95.475  | 5.833  | 1.816   |
| <b>Greidd atkvæði <i>Votes cast</i></b>                             | <b>168.913</b>                      | <b>156.683</b>  | <b>9.529</b>                                       | <b>2.701</b>  |
| Karlar <i>Males</i>   | 83.027                              | 76.558  | 4.992  | 1.477   |
| Konur <i>Females</i>  | 85.886                              | 80.125  | 4.537  | 1.224   |
| Þar af utan kjörfundar  | 16.610                              | 15.290  | 1.094  | 226   |
| <b>Kosningaþátttaka, % <i>Participation,</i></b>                    | <b>83,2</b>                         | <b>83,1</b>   | <b>85,0</b>  | <b>79,7</b>   |
| Karlar <i>Males</i>   | 82,3                                | 82,3  | 84,3   | 79,1  |
| Konur <i>Females</i>  | 84,0                                | 83,9  | 85,7   | 80,5  |
| <b>Úrslit <i>Outcome</i></b>  |                                     |   |  |   |
| Atkvæðaseðlar <i>Ballots</i>  |                                     |   |  |   |
| Gildir <i>Valid votes</i>   | 165.491                             | 153.599   | 9.240  | 2.652   |
| Auðir og ógildir <i>Blank and void</i>                              | 3.422                               | 3.084   | 289  | 49  |
| Fulltrúar <i>Representatives, total</i>                             | 657                                 | 275   | 176  | 206   |
| Karlar <i>Males</i>   | 450                                 | 178   | 122  | 150   |
| Konur <i>Females</i>  | 207                                 | 97  | 54   | 56  |
| <b>Hlutfallsleg skipting, % <i>Percentages</i></b>                  |                                     |   |  |   |
| <b>Sveitarfélög <i>Municipalities</i></b>                           | <b>100,0</b>                        | <b>31,4</b>   | <b>28,6</b>  | <b>40,0</b>   |
| <b>Frambjóðendur <i>Candidates</i></b>                              | <b>100,0</b>                        | <b>70,3</b>   | <b>24,6</b>  | <b>5,1</b>  |
| Karlar <i>Males</i>   | 100,0                               | 69,1  | 25,5   | 5,4   |
| Konur <i>Females</i>  | 100,0                               | 72,0  | 23,3   | 4,7   |
| <b>Kjösendur á kjörskrá<br/><i>Voters on the electoral roll</i></b> | <b>100,0</b>                        | <b>92,0</b>   | <b>6,0</b>   | <b>2,0</b>  |
| Karlar <i>Males</i>   | 100,0                               | 91,4  | 6,4  | 2,2   |
| Konur <i>Females</i>  | 100,0                               | 92,6  | 5,7  | 1,8   |
| <b>Greidd atkvæði <i>Votes cast</i></b>                             | <b>100,0</b>                        | <b>92,8</b>   | <b>5,6</b>   | <b>1,6</b>  |
| Karlar <i>Males</i>   | 100,0                               | 92,2  | 6,0  | 1,8   |
| Konur <i>Females</i>  | 100,0                               | 93,3  | 5,3  | 1,4   |
| Þar af utan kjörfundar  | 100,0                               | 92,1  | 6,6  | 1,4   |
| <b>Úrslit <i>Outcome</i></b>  |                                     |   |  |   |
| Atkvæðaseðlar <i>Ballots</i>  |                                     |   |  |   |
| Gildir <i>Valid votes</i>   | 100,0                               | 92,8  | 5,6  | 1,6   |
| Auðir og ógildir <i>Blank and void</i>                              | 100,0                               | 90,1  | 8,4  | 1,4   |
| Fulltrúar <i>Representatives, total</i>                             | 100,0                               | 41,9  | 26,8   | 31,4  |
| Karlar <i>Males</i>   | 100,0                               | 39,6  | 27,1   | 33,3  |
| Konur <i>Females</i>  | 100,0                               | 46,9  | 26,1   | 27,1  |

## Kosningapáttaka

Kosningapáttaka 83,2%

Í sveitarstjórnarkosningunum 2002 greiddu atkvæði 168.913 kjósendur í 98 sveitarfélögum, eða 83,2% af þeim 203.141 sem voru þar á kjörskrá. Í sjö sveitarfélögum, þar sem 1.804 kjósendur voru á kjörskrá, var einn listi í framboði og hann sjálfkjörinn án atkvæðagreiðslu (tafla 10). Greidd atkvæði voru 9.726 fleiri en í sveitarstjórnarkosningunum 1998. Mest hefur þátttaka í sveitarstjórnarkosningum orðið 87,8%, árið 1974 en var 86,6% árið 1994 og 82,3% árið 1998 (tafla 1).

**Tafla 4. Kosningapáttaka í sveitarstjórnarkosningum 2002**

Table 4. Participation rates in local government elections 2002

| Fjölgun<br>kjósenda á<br>kjörskrá<br>1998–<br>2002 <sup>1</sup> | Kosningapáttaka, greidd<br>atkvæði sem % af<br>kjósendum á kjörskrá<br><i>Participation rate, %</i> |                        |                        | Af greiddum<br>atkvæðum, %<br><i>Votes cast, %</i> |  |            |
|---|---|------------------------|------------------------|--|--|------------|
|   | Alls<br><i>Total</i>  | Karlar<br><i>Males</i> | Konur<br><i>Female</i> | Utankjör-<br>fundar-<br>atkvæði <sup>2</sup>       | Auðir og<br>ógildir<br>seðlar <sup>3</sup> |            |
|   |   |                        |                        |  |  |            |
| <b>Allt landið <i>Whole country</i></b>                         | <b>5,8</b>  | <b>83,2</b>            | <b>82,3</b>            | <b>84,0</b>  | <b>9,8</b>                                 | <b>2,0</b> |
| <b>Sveitarfélög <i>Municipalities</i></b>                       |   |                        |                        |  |  |            |
| Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>                          | 8,6   | 82,6                   | 81,5                   | 83,7   | 9,2  | 1,6        |
| Reykjavík   | 4,7   | 83,9                   | 82,8                   | 84,9   | 10,5                                       | 1,3        |
| Önnur sveitarfélög<br><i>Other municipalities</i>               | 16,2  | 80,3                   | 79,3                   | 81,3   | 6,9  | 2,3        |
| Utan Höfuðborgarsvæðis<br><i>Outside Capital region</i>         | 1,5   | 84,2                   | 83,8                   | 84,6   | 10,9                                       | 2,7        |
| 1.000 íbúar og fleiri<br><i>1,000 inhabitants and over</i>      | 5,4   | 84,2                   | 83,9                   | 84,5   | 10,9                                       | 2,7        |
| 300–999 íbúar<br><i>300–999 inhabitants</i>                     | -1,1  | 85,0                   | 84,3                   | 85,7   | 11,5                                       | 3,0        |
| 299 íbúar eða færri<br><i>Less than 300 inhabitants</i>         | -30,9   | 79,3                   | 78,7                   | 80,1   | 8,5  | 1,8        |
| <b>Kosningarháttur <i>Election mode</i></b>                     |   |                        |                        |  |  |            |
| Bundnar hlutfallskosningar<br><i>Proportional voting</i>        | 7,3   | 83,3                   | 82,5                   | 84,1   | 9,9  | 2,0        |
| Óbundin kosning <i>Direct voting</i>                            | -36,8   | 76,4                   | 74,9                   | 78,1   | 7,3  | 1,7        |
| <b>Landsvæði <i>Regions</i></b>                                 |   |                        |                        |  |  |            |
| Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>                          | 8,6   | 82,6                   | 81,5                   | 83,7   | 9,2  | 1,6        |
| Suðurnes  | 6,8   | 86,1                   | 85,2                   | 87,1   | 7,9  | 1,8        |
| Vesturland  | 4,8   | 81,8                   | 81,8                   | 81,9   | 10,2                                       | 2,7        |
| Vestfirðir  | -2,9  | 84,7                   | 83,7                   | 85,7   | 13,2                                       | 2,7        |
| Norðurland vestra   | -3,8  | 86,6                   | 87,0                   | 86,1   | 14,1                                       | 2,7        |
| Norðurland eystra   | 0,3   | 81,7                   | 81,2                   | 82,1   | 10,7                                       | 2,5        |
| Austurland  | -2,9  | 82,7                   | 82,1                   | 83,4   | 14,0                                       | 4,1        |
| Suðurland   | 3,9   | 86,5                   | 86,1                   | 86,8   | 9,8  | 3,0        |

<sup>1</sup> Increase of voters on electoral roll between municipal elections 1998 and 2002, %.

<sup>2</sup> Percent of votes cast. Absentee votes.

<sup>3</sup> Percent of votes cast. Blank and void ballots.

Fleiri konur en karlar greiddu  
atkvæði

Atkvæði greiddu 83.027 karlar og 85.886 konur, og þær því 2.859 fleiri. Voru karlar 49,2% þeirra sem greiddu atkvæði en konur 50,8%. Var þátttaka karla 82,3% (81,5% 1998) og kvenna 84,0% (83,0% 1998). Áður var kosningapátttaka kvenna

ævinlega minni en karla en í sveitarstjórnarkosningum 1994–2002, í alþingiskosningum 1995–2003 og við forsetakjör 1980–2004 hefur þátttaka kvenna orðið meiri en karla.

Í töflu 10 er sýnd tala karla og kvenna, sem greiddu atkvæði, og kosningaþátttaka í hverju sveitarfélagi og á hverjum kjörstað. Kosningaþátttaka er jafnan minni í óbundnum kosningum en listakosningum. Þar sem hlutbundin kosning var varð þátttakan 83,3%, en 76,4% þar sem hún var óbundin (tafla 2). Í töflu 6 er sýnd tala sveitarfélaga eftir því hve þátttaka var mikil og fjöldi kjósenda á kjörskrá í hverjum flokki.

Mest var kosningaþátttaka í sveitarfélögum með 1.000 íbúa og fleiri í Sandgerði, 95,0%, á Ólafsfirði 93,5%, í Snæfellsbæ 92,5%, í Vesturbyggð 91,9%, og á Siglufirði og í Rangárþingi ytra 91,2%, en minnst á Akranesi, 77,7%, í Borgarbyggð 78,1%, í Kópavogi, 78,2%, og í Hafnarfirði og í Sveitarfélaginu Hornafirði 79,9% (tafla 10).

Í sveitarfélögum með 300–999 íbúa þar sem kosning var hlutbundin var þátttaka mest í Skútustaðahreppi, 92,6%, og í Grundarfjarðarbæ, 92,1%, en minnst í Hólmavíkurhreppi, 75,8%, og í Eyjafjarðarsveit 76,4%.

Í sveitarfélögum með 300–999 íbúa þar sem kosning var óhlutbundin var þátttaka mest í Tálknafjarðarhreppi, 88,5%, en minnst í Þórshafnarhreppi, 63,8%.

Í sveitarfélögum með færri en 300 íbúa þar sem kosning var hlutbundin var þátttaka mest í Kjósarhreppi, 93,3%, en minnst í Súðavíkurhreppi, 82,1%.

Í sveitarfélögum með færri en 300 íbúa þar sem kosning var óbundin var þátttaka mest í Mjóafjarðarhreppi, 100,0%, í Sveinsstaðahreppi, 91,4%, og í Áshreppi, 91,1%, en minnst í Borgarfjarðarhreppi, 59,2%, í Skilmannahreppi, 63,4% og í Broddaneshreppi, 66,7% (tafla 10).

Í þeim 98 sveitarfélögum þar sem atkvæðagreiðsla fór fram var þátttaka kvenna meiri en karla í 64 sveitarfélögum, þátttaka karla meiri en kvenna í 33 sveitarfélögum og þátttaka karla og kvenna jöfn í einu sveitarfélagi (tafla 6).

Auk Mjóafjarðarhrepps, þar sem þátttaka var 100,0%, var þátttaka karla mest í Sandgerði, 94,5%, á Ólafsfirði 93,6%, í Sveinsstaðahreppi 93,5%, í Kjósarhreppi 93,2% og á Siglufirði 93,1%, og kvenna í Sandgerði 95,4%, í Árneshreppi 94,4%, á Ólafsfirði og Seyðisfirði og í Kjósarhreppi 93,5%, og í Grundarfjarðarbæ 93,1%.

Minnst var þátttaka karla í Borgarfjarðarhreppi, 56,5%, í Broddaneshreppi 58,8% og Þórshafnarhreppi 59,5%. Þátttaka kvenna var minnst í Skilmannahreppi, 58,3%, í Borgarfjarðarhreppi 62,7%, og í Þórshafnarhreppi, 69,0% (tafla 10).

## Atkvæði greidd utan kjörfundar

*Einn af hverjum tíu greiddi atkvæði utan kjörfundar*

Í sveitarstjórnarkosningunum 2002 voru 16.610 atkvæði greidd utan kjörfundar, eða 9,8% atkvæða (1998: 10,5%). Karlar nýta sér þessa heimild meira en konur, og við þessar kosningar var tala karla 9.133 eða 11,0% af þeim sem greiddu atkvæði en tala kvenna 7.477 eða 8,7%. Í töflu 10 er sýnd tala utankjörfundaratkvæða í hverju sveitarfélagi. Í töflu 4 kemur fram hlutfall atkvæða sem greidd hafa verið utan kjörfundar.

## Frambjóðendur og framboðslistar

Fyrir sveitarstjórnarkosningar 2002 komu fram 182 framboðslistar í 66 sveitarfélögum, en 1998 komu fram 187 framboðslistar í 66 sveitarfélögum. Í sjö sveitarfélögum, Borgarfjarðarsveit, Höfðahreppi, Hörgárbyggð, Aðaldælahreppi, Tjörneshreppi, Raufarhafnarhreppi og Breiðdalshreppi kom aðeins fram einn listi og varð hann sjálfkjörinn án kosningar, en flestir urðu listarnir sex í Reykjavík og á Ísafirði og fimm í Sveitarfélaginu Skagafirði og á Akureyri. Í 24 sveitarfélögum komu fram tveir listar, í 19 þrír listar og í 12 sveitarfélögum voru þeir fjórir.

Í töflu 12 er sýnd tala framboðslista eftir flokkum sveitarfélaga og fyrir þau stjórnáttak sem buðu fram á fleiri en einum stað (auk R-lista í Reykjavík sem er sýndur sérstaklega sökum fjölda atkvæða og fulltrúa). Við þessa samantekt er listabókstafur látinn ráða hvaða listar teljast til hverra samtaka ef um viðbót við flokksheiti er að ræða. Þar sem slíkri viðbót við flokksheitið fylgir jafnframt breyttur listabókstafur er listinn talinn til annarra lista. Telst því t.d. D-listi Sjálfstæðismanna og óháðra í Stykkishólmi til Sjálfstæðisflokksins en ekki H-listi Sjálfstæðismanna og annarra frjálslyndra kjósenda í Garði. S-listi Garðabæjarlista, Bæjarmálafélags Garðabæjar og S-listi Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs eru hins vegar ekki taldir til Samfylkingarinnar, enda heiti listanna svo frábrugðið heiti hennar sjálfrar.

Hin margvíslegu framboð fyrir sveitarstjórnarkosningar leiddu til þess að í einungis sjö af 66 sveitarfélögum þar sem kosið var bundinni hlutfallskosningu voru allir framboðslistar kenndir við stjórnáttakaflokka.

Á höfuðborgarsvæði komu fram 6 listar í einu sveitarfélagi, Reykjavík, í tveimur sveitarfélögum 4 listar, í tveimur 3 listar og í þremur 2 listar.

Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðis þar sem íbúar voru 1.000 eða fleiri urðu listar flestir 6 í einu sveitarfélagi, Ísafirði. Á tveimur stöðum voru framboðslistar 5, á átta stöðum fjórir, á ellefu stöðum 3 og á fjórum stöðum 2 listar.

Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðis þar sem íbúar voru 300–999 komu 4 listar fram á tveimur stöðum, í Grundarfjarðarbæ og á Seyðisfirði. Í sex sveitarfélögum komu fram 3 listar, í þrettán sveitarfélögum 2 listar og í þremur sveitarfélögum einn listi.

Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðis þar sem íbúar voru færri en 300 kom í fjórum sveitarfélögum aðeins 1 listi, sem varð því sjálfkjörinn. Í öðrum fjórum sveitarfélögum með færri en 300 íbúa komu fram 2 listar í hverju.

*Karlar 59% frambjóðenda*

Á framboðslistum voru 2.714 menn, örlítið færri en 1998 þegar 2.740 voru í framboði. Karlarnir voru miklu fleiri en konurnar, 1.603 eða 59,1%, en þær voru

1.111 eða 40,9%. Fyrir kosningarnar 1998 voru karlar 62,0% frambjóðenda og konur 38,0%.

Í töflu 12 er sýnd tala frambjóðenda, karla og kvenna, samantekin fyrir flokka sveitarfélaga og framboðsaðila. Í töflu 13 er framboð flokka sýnt fyrir hvert þeirra 66 sveitarfélaga þar sem kosning var hlutbundin.

Í sex sveitarfélögum voru karlar og konur jafnmörg á framboðslistum en í tveimur 1998. Í einu sveitarfélagi voru konur fleiri en karlar, Borgarfjarðarsveit, en hvergi 1998. Í öllum öðrum sveitarfélögum, 59, voru karlar fleiri en konur á framboðslistum. Mestu munaði á tölu karla og kvenna í Reykjavík þar sem 89 karlar buðu sig fram og 52 konur. Í tveimur sveitarfélögum voru konur fjórðungur frambjóðenda, í Búðahreppi og í Hrunamannahreppi, í 9 fjórðungur og að þriðjungu, í 15 þriðjungur og að 40% og í 33 sveitarfélögum 40% og allt að helmingi.

Á öllum 182 framboðslistum nema einum voru bæði karlar og konur í framboði, en á Æ-lista í Reykjavík voru 18 karlar. Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 1998 voru karlar sömuleiðis einir á einum framboðslista.

Á listum, þar sem bæði voru karlar og konur, voru konur jafnmargar körlum á 49 framboðslistum og á 9 framboðslistum fleiri en á 124 listum voru karlar fleiri en konur.

Í töflu 7 er sýnd skipting frambjóðenda eftir kyni og stjórnmalasamtökum.

### Atkvæðatölur

*Auð og ógild 2,0%*

Af 168.913 atkvæðum, sem voru greidd í sveitarstjórnarkosningum 2002, var 165.491 atkvæði gilt, en 2.823 seðlar voru auðir og 599 töldust ógildir. Ónýt atkvæði voru því 3.422 eða 2,0% greiddra atkvæða (töflur 1, 4 og 10). Þetta hlutfall var 2,7% í kosningunum 1998.

Í töflu 10 er sýnd tala gildra atkvæða og auðra seðla og ógildra í hverju sveitarfélagi. Í töflu 13 er sýnd tala atkvæða sem hver listi fékk í sveitarfélögum þar sem kosning var hlutbundin.

Í sveitarstjórnarkosningum er mjög mikið um framboð annarra aðila en stjórnmalaflokka auk þess sem flokkarnir eiga samvinnu sín á milli og við aðila utan stjórnmalaflokka. Í töflu 12 er samandregið yfirlit sem sýnir hvernig atkvæði skiptust eftir framboðsaðilum.

### Kjörnir fulltrúar

*Sveitarstjórnarfulltrúum fækkar á landinu*

Í sveitarstjórnarkosningunum 2002 voru kjörnir 657 aðalmenn í sveitarstjórnir, 99 færri en 1998 (tafla 1). Í Sveitarfélaginu Hornafirði var sveitarstjórnarmönnum fækkað um fjóra og í sjö sveitarfélögum var þeim fækkað um tvo, í Vesturbyggð, Sveitarfélaginu Skagafirði, á Norður-Héraði, Austur-Héraði, í Fjarðabyggð, Djúpa-vogshreppi og Mýrdalshreppi.

Í öðrum sveitarfélögum fækkaði fulltrúum alls um 81 á kjörtímabilinu vegna sameiningar sveitarfélaga. Fækkaði sveitarstjórnarmönnum af þeim sökum um 42 á Suðurlandi, 24 á Norðurlandi eystra, 10 á Norðurlandi vestra og 5 á Vestfjörðum.

**Tafla 5. Kjör og endurkjör sveitarstjórnarmanna 2002**  
 Table 5. Elected representatives in local government elections 2002

|  | Kjósendur<br>á hvern<br>sveitar-<br>stjórnar-<br>mann <sup>1</sup> | Af kjörnum sveitarstjórna-<br>mönnum, % <i>Percent of<br/>representatives elected</i> |                                      |  |
|--|--|---|--------------------------------------|--|
|  |  | Ný-<br>kjörnir <sup>2</sup>   | Kjörnir í<br>annað sinn <sup>3</sup> | Kjörnir í<br>þriðja skipti<br>eða oftar <sup>4</sup> |
| <b>Allt landið <i>Whole country</i></b>                    | <b>312</b>   | <b>48,2</b>   | <b>24,7</b>                          | <b>27,1</b>  |
| <b>Sveitarfélög <i>Municipalities</i></b>                  |  |   |                                      |  |
| Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>                     | 1.846  | 50,0  | 27,1                                 | 22,9   |
| Reykjavík  | 5.501  | 53,3  | 20,0                                 | 26,7   |
| Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>             | 849  | 49,1  | 29,1                                 | 21,8   |
| Utan Höfuðborgarsvæðis<br><i>Outside Capital region</i>    | 129  | 48,0  | 24,4                                 | 27,6   |
| 1.000 íbúar og fleiri<br><i>1,000 inhabitants and over</i> | 216  | 50,9  | 25,1                                 | 24,0   |
| 300–999 íbúar <i>300–999 inhabitants</i>                   | 70   | 48,9  | 28,9                                 | 22,2   |
| 299 íbúar eða færri<br><i>Less than 300 inhabitants</i>    | 20   | 43,8  | 19,9                                 | 36,3   |
| <b>Kosningarháttur <i>Election mode</i></b>                |  |   |                                      |  |
| Bundnar hlutfallskosningar<br><i>Proportional voting</i>   | 431  | 50,9  | 25,5                                 | 23,6   |
| Óbundin kosning <i>Direct voting</i>                       | 22   | 41,9  | 22,5                                 | 35,6   |
| <b>Landsvæði <i>Regions</i></b>                            |  |   |                                      |  |
| Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>                     | 1.846  | 50,0  | 27,1                                 | 22,9   |
| Suðurnes   | 309  | 56,8  | 16,2                                 | 27,0   |
| Vesturland   | 100  | 46,5  | 23,8                                 | 29,7   |
| Vestfirðir   | 87   | 46,0  | 20,7                                 | 33,3   |
| Norðurland vestra  | 93   | 33,3  | 26,4                                 | 40,3   |
| Norðurland eystra  | 158  | 54,2  | 25,8                                 | 20,0   |
| Austurland   | 91   | 48,9  | 26,1                                 | 25,0   |
| Suðurland  | 145  | 50,0  | 25,5                                 | 24,5   |

<sup>1</sup> Voters per representative.

<sup>2</sup> Percent of representatives elected, first time.

<sup>3</sup> Percent of representatives elected, second time.

<sup>4</sup> Percent of representatives elected, 3rd time or more.

Alls hefur sveitarstjórnarmönnum fækkað um 535 frá því að þeir urðu flestir við kosningarnar 1982, 1.192.

*Karlar eru fleiri ... en  
hlutfall kvenna vex*

Í sveitarstjórnir voru kjörnir 450 karlar og 207 konur. Er karlarnir 68,5% sveitarstjórnarmanna (71,8% 1998, 75,2% 1996, 78,2% 1990, 87,6% 1982 og 96,4% 1974) en konurnar 31,5% (28,2% 1998, 24,8% 1994, 21,8% 1990, 12,4% 1982 og 3,6% 1974). Körlum í sveitarstjórnnum fækkaði um 93 og konum um 6. Í sveitarfélögum með 1.000 íbúa og fleiri voru karlar 65% fulltrúa og konur 35%, í sveitarfélögum með 300–999 íbúa voru karlar 69% og konur 31%, og í öðrum hreppum voru karlar 73% fulltrúa en konur 27%.

Þar sem kosning var hlutbundin voru karlar í sveitarstjórnnum 64% fulltrúa (68% 1998) og konur 36% (32% 1998), en þar sem hún var óbundin voru karlar 75% fulltrúa (78% 1998) en konur 25% (22% 1998).

Kjóri náðu 17,2% frambjóðenda (17,2% 1998). Af körlum, sem voru á framboðslistum, náðu 19,2% kjöri (19,0% 1998) en af konunum 14,2% (14,4% 1998).

Fulltrúar Framsóknarflokks skiptust svo að 70% voru karlar og 30% konur, 65% fulltrúa Samfylkingarinnar voru karlar og 35% konur, 62% fulltrúa Sjálfstæðisflokks voru karlar en 38% konur og 60% fulltrúa Vinstrihreyfingar – græns framboðs voru karlar og 40% konur. Fulltrúar fyrir alla aðra lista skiptust svo að 68% voru karlar og 32% konur. Hér eru fulltrúar R-lista í Reykjavík taldir hver til síns flokks eða samtaka, en þeir eru tveir frá hverjum aðila, Framsóknarflokki, Samfylkingunni, Vinstrihreyfingunni – grænu framboði auk tveggja óháðra fulltrúa.

Konur urðu í meirihluta, einni fleiri en karlar, í tíu sveitarstjórnnum, Seltjarnarnesi, Borgarfjarðarsveit, Dalvíkurbyggð, Akureyri, Aðaldælshreppi, Rauфарhafnarhreppi og Mýrdalshreppi, þar sem kosning var hlutbundin, og í Broddaneshreppi, Kelduneshreppi og Mjóafjarðarhreppi þar sem kosning var óbundin. Í tíu sveitarfélögum var engin kona kosin í sveitarstjórn (15 1998, 33 1994, 58 1990, 113 1982 og 187 1974). Í þremur þeirra var kosning hlutbundin og í sjö óbundin, en það eru 5% og 18% af tölu sveitarfélaga í hvorum flokki.

*Algengasti aldur fulltrúa  
40–44 ár*

Sveitarstjórnarmenn sem kjörnir voru árið 2002 voru fjölmennastir í aldursflokknum 40–44 ára (einnig 1990–1998 og 1974 en 35–39 ára 1986 og 1982 og 45–49 ára 1978). Menn hætta mun yngri þátttöku í sveitarstjórn í þéttbýli en í strjálbýli; en fáir eru kjörnir eftir sextugt. Yngsti nýkjörinn sveitarstjórnarmaður var 20 ára, fæddur 1981 og sá elsti 73 ára, fæddur 1928. Yngstu sveitarstjórnarfulltrúarnir sem voru kjörnir 1998 voru 19 ára. Frá því að íbúar 18 og 19 ára fengu kjörgengi með alþingiskosningalögunum 1984, hafði enginn á þeim aldri verið kosinn í sveitarstjórn í reglulegum sveitarstjórnarkosningum.<sup>21</sup>

*Meðalaldur fulltrúa 44,6 ár*

Meðalaldur kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa var 44,6 ár í maílok 2002, en hann var 44,2 ár eftir sveitarstjórnarkosningarnar 1998 og 44,3 ár 1994. Meðalaldur er svipaður eftir landsvæðum, hæstur á Norðurlandi vestra en lægstur á Suðurnesjum og munar 2,5 árum, og hæstur í hreppum með innan við 300 íbúa en lægstur í sveitarfélögum með 300–999 íbúa. Munar þar 2,9 árum. Þar sem kosið var bundinni hlutfallskosningu var meðalaldur fulltrúa 44,0 ár en 46,0 ár þar sem kosning var óbundin. Meðalaldur karla í sveitarstjórnnum var 2,5 árum hærri en meðalaldur kvenna.

Meðalaldur fulltrúa Framsóknarflokks var 44,6 ár, Sjálfstæðisflokks 44,7, Samfylkingarinnar 45,0 ár og allra annarra lista 43,2 ár.

Í töflu 11 er sýnd tala sveitarstjórnarmanna, karla og kvenna, í hverju sveitarfélagi. Í töflu 12 er sýnd tala kjörinna fulltrúa af hverjum framboðslista eftir flokkum sveitarfélaga þar sem hlutbundin kosning var haldin.

<sup>21</sup> Kosið var til sveitarstjórnar nýsameinaðs Ísafjarðarbæjar 11. maí 1996 og var þá kosinn yngsti sveitarstjórnarfulltrúi sem kjörinn hefur verið, 18 ára.

Í töflu 13 er sýnd tala kjörinna fulltrúa af hverjum framboðslista í hverju sveitarfélagi þar sem hlutbundin kosning var haldin.

### English summary

The number of voters on the electoral roll in the 2002 elections was 204,945, corresponding to 71.3 per cent of the population. This is an increase of 11,313, or 5.8 per cent, on the 1998 elections. The age group 18–21 years, the group that had gained suffrage since the previous elections, numbered 17,400, or 8.5 per cent of the voters. The number of women on the electoral roll exceeded that of men by 1,303.

Participation in the elections was 83.2 per cent, slightly higher than in 1998. Participation was higher for women than for men, or 84.0 per cent against 82.3 per cent. In earlier elections, participation used to be higher for men than women, but in the local government elections of 1994–2002, in the general elections of 1995 and in the presidential elections of 1980, 1988 and 1996, participation of women has exceeded that of men. Participation is higher in municipalities with proportional voting, 83.3 per cent as against 76.4 per cent in municipalities with direct voting. Absentee votes were 9.8 per cent of the votes cast.

In the elections, 39 municipalities, with 2.0 per cent of the total number of voters, had direct voting, while 66 municipalities, with 98.0 per cent of the voters, had proportional voting. In these, 182 candidate lists were presented for election, including seven lists that were elected without a ballot as they were unopposed in their respective municipalities. The highest number of candidate lists was six and five, occurring in two municipality each.

The 182 candidate lists contained the names of 2,714 persons, 1,603 men and 1,111 women. One list was composed of men only. Women outnumbered men or were equal in number on 58 lists while men outnumbered women on 124 lists.

Out of the total number of votes cast, 168,913, there were 2,823 blank votes and 599 were deemed void. Thus 165,491 valid votes were cast.

Local government elections differ from general elections in that the candidate lists are often non-party political or joint lists of two or more parties. Comparison of results between municipalities or between election years is therefore difficult. A total of 657 representatives were elected to a total of 105 local councils in 2002, 450 men and 207 women. In 1998 the total of representatives was 756 in 124 municipalities. In municipalities with proportional voting in 2002 men make up 64 per cent of the total number of representatives, while in municipalities with direct voting 75 per cent of the total are men. From the candidates in proportional elections, 17.2 per cent were elected, 19.2 per cent of the male candidates and 14.2 per cent of the female candidates. Women outnumber men in ten councils, while nine councils are composed of men only, six in municipalities with direct voting and three with proportional voting.

The 40–44-year age group has the highest number of elected council representatives. By the age of 60 very few are elected, especially in urban localities. The mean age of representatives was 44.6 years.

Among the representatives elected in 2002, 52 per cent had previously been elected one or more times. This rate was 58 per cent for men and 38 per cent for

women, while for proportionally elected representatives the rate was 49 per cent and 58 per cent for directly elected representatives. The different rates for men and women are in part due to the fact that between 1982 and 2002 the number of women on local councils rose by 56 while the number of men fell by 593.

Of those 756 who were elected in the 1998 local government elections, 40 per cent were re-elected in 2002. This rate is 43 per cent for men and 32 per cent for women. Among those elected in 1986, 44 persons, 43 men and one woman, were re-elected in every election 1990–2002.

**Tafla 6. Sveitarfélög eftir þáttöku í sveitarstjórnarkosningum 2002**

*Table 6. Municipalities by participation in local government elections 2002*

|  | Alls<br>Total | 90,0–<br>100,0% | 80,0–<br>89,9% | 70,0–<br>79,9% | 60,0–<br>69,9% | 56,5–<br>59,9% | Engin<br>atkvgr. <sup>1</sup> |
|--|---------------|-----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|-------------------------------|
| <b>Alls Total</b>  | <b>105</b>    | <b>17</b>       | <b>51</b>      | <b>25</b>      | <b>4</b>       | <b>1</b>       | <b>7</b>                      |
| <b>Eftir kyni By sex</b>   |               |                 |                |                |                |                |                               |
| Karlar Males   | 105           | 15              | 51             | 23             | 6              | 3              | 7                             |
| Konur Females  | 105           | 21              | 49             | 25             | 2              | 1              | 7                             |
| <b>Eftir þáttökumun karla og kvenna<br/>By difference in participation</b> |               |                 |                |                |                |                |                               |
| Þátttaka kvenna meiri<br>Female participation higher                       | 64            | 9               | 35             | 16             | 3              | 1              | •                             |
